

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal árlega greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 53.000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hólmavíkurhreppi 1996.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 595/1995 um hunda- og kattahald í Hólmavíkurhreppi, skal vera kr. 6.000 á árinu 1996.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. janúar og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. febrúar.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á árinu 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.